



Dalabyggð

Alþingi

b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Búðardal 29.04.2020

Málsnr. 2001001

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025, 643. mál á þingskjali 1094.

Byggðarráð Dalabyggðar fjallaði um málið á 244. fundi sínum 24. apríl sl. undir 11. dagskrárlið þar sem tillagan var lögð fram til umræðu.

Dalabyggð tekur undir markmið tillögunnar en bendir á að í þingsályktunartillögunni er skólaskrifstofum ætlað umtalsvert hlutverk en sú þjónusta er ekki til staðar hjá öllum sveitarfélögum. Telur Dalabyggð að taka þurfi tillit til þess í útfærslu áætlunarinnar svo hún nýtist öllum skólastofnunum sem áætlunin á að taka til.

Að öðru leyti gerir Dalabyggð ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.



Kristján Sturluson

Sveitarstjóri Dalabyggðar